

- 114** að halda í þessu skyni, yfir hvert 10 ára bil, varið til þess að mynda nokkurs
4. nóv. konar forðabúr til bjargar búpeningi þessarar jarðar í langvarandi harðindum.
Vexti hvert tíunda ár skal ávalt leggja við höfuðstólinn.

4. gr.

Umsjón með sjóði þessum hefir sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu, og skal hún sjá um að fje hans sje ávaxtað í sparisjóði Húnavatnssýslu eða öðrum tryggilegum sjóði og aldrei meira fje úr honum varið árlega, en til er tekið í 3. gr.

Umsjón með sjóðnum annast sýslunefndin án ómækslauna, þar til sjóðurinn er orðinn 5000 krónur. Eftir það fái sýslunefndin fyrir umsjón sína $\frac{1}{2}\%$ af upphæð sjóðsins, þó aldrei yfir 50 krónur.

5. gr.

Skilyrði fyrir styrkveitingu úr sjóði þessum samkvæmt 3. gr. eru þau, að unnið sje af ábúendum jarðarinnar Holts til umbóta þeirri jörð í anda og stefnu þeirri, er hjer greinir: Grasrækt, þar með talin túnasljettun, túnútgræðsla, lokræsing og góð áburðarhiðing, með safnhúsbyggingu, mótekju og kolakaupum, svo eigi þurfi neitt af húsdýraáburði að nota til eldneytis. Engjabætur: Svo sem vatnsræsla, áveita, varsla og grjóthreinsun, þar sem Laxá hefir borið mól á engið. Girðingar á landi jarðarinnar, garðrækt alls konar og skógræktartilraunir. Vatnsleiðsla í íbúðarhús, peningshús og sáðgarða. Fjárborgir og hagagarðar til skjóls búpeningi, og yfir höfuð hver sú nýung í búnaði, er reynsla fæst fyrir að arðvænleg sje. Nær og þetta framangreinda einnig til þess, þótt nýbýli yrði reist í landi jarðarinnar.

Þannig samþykkt af sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu í samráði við ábúendur Holts og erfingja gefandans, Guðmundar Pjeturssonar.

Skrifstofu Húnavatnssýslu 30. apríl 1918

Ari Arnalds.

- 115** Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Minningarsjóð Magnúsar
4. nóv. Andrjessonar og Sigríðar Pjetursdóttur, hjóna á Gilsbakka«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands, 4. nóvember 1918.
Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir minningarsjóð Magnúsar Andrjessonar og Sigríðar Pjetursdóttur, hjóna á Gilsbakka í Hvitársiðu.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 26. maí 1918 af íbúum alls Gilsbakkaprestakalls

(Gilsbakka og Síðumúlasókna) til minningar um sóknarprest þeirra, Magnús And-¹¹¹⁵
rjesson, fæddan í Núpstúni í Hrunamannahreppi í Árnessýslu 30. júní 1845, og ^{4. nóv.}
konu hans Sigríði Pjetursdóttur, fædda á Eyrarbakka í sömu sýslu, 15. júní 1860,
dána 24. ágúst 1917. Nafn sjóðsins er: »Minningarsjóður Magnúsar Andrjesson-
ar og Sigríðar Pjetursdóttur, hjóna á Gilsbakka«.

2. gr.

Stofnfje sjóðsins er 1085 — eitt þúsund áttatíu og fimm krónur, og skal ávaxta það annaðhvort í Landsbankanum, Íslands banka eða í Söfnunarsjóði Íslands. —

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, heldur skal auka hann sífellt með $\frac{1}{4}$ — einum fjórða — árlegra vaxta. En $\frac{3}{4}$ — þremur fjórðu — af vöxtum hvers árs skal verja til þess að veita einu barni eða fleirum innan 15 ára aldurs í Gilsbakkasókn eða Síðumúlasókn einhvern glaðning um jólin ár hvert, helst fatnað eða góðar bækur eða annað, er það eða þau gætu haft gagn og gleði af. Út- hlutun fer fram í fyrsta sinn um jól 1919. Þegar sjóðurinn er orðinn svo mikill að $\frac{3}{4}$ ársvaxta hans nema 100 kr. eða meiru, má verja allri upphæðinni, er út- hluta skal, til þess að styrkja gáfaðau og efnilegan ungling í nefndum sóknum til náms 1—5 ár hvern, og má þá færa aldurstakmarkið upp í 25 ára aldur.

4. gr.

Stjórn sjóðsins hefir á hendi þriggja manna nefnd, og eru sjálfkjörnir í hana sóknarpresturinn í Reykholtsprestakalli (sem Gilsbakkaprestakall er nú sameinað) og sóknarnefndarformenn Gilsbakkasóknar og Síðumúlasóknar, og er sóknarpresturinn formaður nefndarinnar. Yfirumsjón sjóðsins hefir prófasturinn í Borgarfjarðarprófastsdæmi, og skal sjóðstjórnin senda honum fyrir lok febrúar- mánaðar ár hvert skýrslu um aðgjörðir sínar næstliðið ár og reikning fyrir sama ár, er hann yfirskoðar og úrskurðar, og birtir síðan á prenti.

Gilsbakka, 12. september 1918.

Magnús Andrjesson.